

**Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), og
Pílukastfélag Reykjanesbæjar , gera með sér eftirfarandi**

SAMKOMULAG

um kynningu á pílukasti í Reykjanesbæ árið 2006

1. Pílukastfélag Reykjanesbæjar tekur að sér að halda kynningu og námskeið í pílukasti í Reykjanesbæ fyrir bæjarbúa.
2. Pílukastfélag Reykjanesbæjar sér um að auglýsa ofangreinda kynningu/námskeið.
3. Pílukastfélag Reykjanesbæjar skilar inn til MÍT skýrslu eigi síðar en 1.nóvember 2006 um hvernig staðið var að kynningunni, hver þátttakan var og hvað kom út úr fyrrgreindri kynningu.
4. MÍT greiðir Pílukastfélag Reykjanesbæjar **kr. 150.000.-** (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að kr. 100.000 greiðast við undirritun samningsins og kr. 50.000.- greiðast þegar skýrsla verksala hefur borist.
5. Pílukastfélag Reykjanesbæjar tekur að sér að halda kynningu á pílukasti í grunnskólum Reykjanesbæjar í samráði við skólastjóra viðkomandi skóla og bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ. Pílukastfélag Reykjanesbæjar sér um að auglýsa þá kynningu líka. Kynningin skal fara fram á tímabilinu 1. september til 15. október 2006.
6. Samkomulag þetta gildir til 31. desember 2006.
7. Samkomulag þetta er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess.
8. Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbæ _____2006.

F.h. MÍT

F.h. Pílukastfélags Reykjanesbæjar